

123

13. des.

4. gr.

Hafi einhverjir, félög eða einstaklingar, í hyggju að efna til sjónleika eða skemmtana þar sem börn innan 16 ára aldurs eiga að vera leikendur eða þátttakendur, skal þeim, er fyrir skemmtuninni standa, skylt að sýna barnaverndarnefnd hlutverkin og fá samþykki hennar til að börnin megi leika þau.

5. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega því aðeins hafa á hendi blaðasölu og bóka, að þau fái til þess leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota á sama hátt og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kennslumálaráðuneytinu, 13. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

124

20. des.

SAMÞYKKT

fyrir Landþurrkunarfélag Álftnesinga.

1. gr.

Félagið heitir „Landþurrkunarfélag Álftnesinga“. Heimili þess og varnarþing er Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Bessastaðahreppi: Landakot, Deildarkot, Deild, Tröð, Eyvindarstaðir, Eyvindarstaðir (gerði), Kirkjubrú, Brekka, Brekkukot, Svalbarði, Sviðholt, Vestur-Sviðholt, Bjarnastaðir (skólajörðin), Bjarnastaðir (hreppurinn), Gerðakot, Gestshús, Bakkakot, Hákot, Sveinskot, Litlibær, Þórukot, Halakot og Haukahús, partur í sameign í Vestur-Sviðholti.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast þurrkun rækthæfs lands þeirra jarða, sem taldar eru í annari gr., og koma í veg fyrir landspjöll af sjávarágangi á jörðunum.
2. Að útvega nauðsynlega vinnu og styrk til þeirra umbóta.

4. gr.

124

20. des.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin á aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Fyrstu tvö árin eftir hlutkesti og síðar í röð eftir starfsaldri ár hver. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera, og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim, hann sér um bókun allra fundargerða.

Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísunum formanns.

Stjórnarnefnd annast um alla framkvæmd fyrirtækisins, starfrækslu þess alla milli aðalfunda, hún sér einnig um að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim er félagið lætur gera.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkvæmt 7. gr. Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boðað með minnst hálfsmánaðar fyrirvara með skriflegu fundarboði er gangi milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert.

Aðalfundur er því aðeins lögmætur að $\frac{1}{3}$ félagsmanna mæti á fundinum.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er kosinn stjórn og endurskoðendur, og rædd þau mál er félagið varða. Aukafund má halda þegar félagsstjórnin, eða meira en helmingur félagsmanna álitur þess þörf.

6. gr.

Framkvæmdum við landþurrkun á félagssvæðinu skal haga samkvæmt áætlunum Búnaðarfélags Íslands og uppdráttum dagsettum 10. des. 1929, og þeim viðaukum eða breytingum er það síðar kann að gera.

Sameiginlega og undir umsjón félagsins séu gerðir affalls og viðtökuskurðir, svo og útrás úr Bakkakotstjórn, en lokræsi og þurrkskurði geri eigendur jarðanna hver á sínu landi.

7. gr.

Á kostnað félagsins sé gerð útrásin úr Bakkakotstjórn. Við gröft affalls og viðtökuskurða leggi hlutaðeigendur fram næga vinnu með þeim verkstjóra er félagsstjórn ræður til að hafa verkstjórn á hendi, eða greiði kostnað við gerð skurða hver á sínu landi.

Hinn sameiginlega kostnað við fráraeslu Bakkakotstjarnar skiptist á þær jarðir er aðrennslissvæði eiga að tjörninni og þurrka á, í hlutföllum við flatarmálsstærð þess lands, er jarðirnar eiga á aðrennslissvæðinu.

Hið árlega viðhald þessara mannvirkja eru félagsmenn skyldir að inna af

124 hendi hver í sínu landi eftir ákvörðun félagsstjórnar með vinnu. Annist menn
20. des. það eigi sjálfir í tæka tíð skal félagsstjórn láta framkvæma viðhaldið á kostnað hlutaðeigenda.

8. gr.

Greiðslur samkvæmt 7. gr. annast félagsstjórn. Niðurjöfnuð gjöld hafa lög-taksrétt.

9. gr.

Verði ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan skal úr honum skorið með gerðardómi.

Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum, skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður sé skipaður af sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og geta þau varðað sektum allt að 500 krónum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lög-um. Sektir renna í sjóð félagsins.

11. gr.

Lögum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi ef $\frac{4}{5}$ félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagð hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á að ókleift eða illkleift þyki að halda félagsskapnum áfram.

13. gr.

Að öðru leyti en því er þessi samþykkt nær til, er félagið háð ákvæðum vatnalaga frá 20. júní 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gild 1. janúar 1935, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. desember 1934.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.